

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 178 9. nóvember 1959 um vöruhappdrætti
Sambands íslenzkra berklasjúklinga.

1. gr.

6. gr. orðist svo:

Vinningar eru samanlagt 16 500 að tölu í öllum 12 flokkunum og eru samanlagt að verðmæti kr. 93 600 000.00.

Stjórn SÍBS ákveður vinningatölu og verðmæti þeirra í hverjum flokki. Þó séu aldrei færri en 1000 vinningar í 1. flokki og ekki fleiri en 2 500 vinningar í 12. flokki.

2. gr.

7. gr. orðist svo:

Verð ársmiða er kr. 2 400.00, en endurnýjunarverð í hverjum flokki kr. 200.00. Ef menn vilja kaupa hlutamiða eftir að drættir eru byrjaðir á árinu, skal greiða fyrir hann, auk verðs hans í flokki þeim, sem næst á að draga í, samanlagt verð hlutarins í öllum flokkum, sem dregið hefur verið í á árinu.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 18 22. apríl 1959 um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga, sbr. lög nr. 32 5. maí 1969, öðlast gildi 1. janúar 1974.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 253 25. ágúst 1972.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 21. ágúst 1973.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

29. apríl 1973.

Nr. 261.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð dr. Victors Urbancic, hljómsveitarstjóra Þjóðleikhússins, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 29. ágúst 1973.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð dr. Victors Urbancic, hljómsveitarstjóra
Þjóðleikhússins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður dr. Victors Urbancic.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af Þjóðleikhússkórnum, til minningar um dr. Victor Urbancic, fyrsta hljómsveitarstjóra Þjóðleikhússins og stjórnanda Þjóðleikhússkórsins, með kr. 5 600.00 framlögum sem þakklætisvott fyrir ómetanlegt og heilla-drjúgt starf hans.